



Grímsnes og Grafningshreppur
Snæfoksstaðir - deiliskipulag
Útivistarsvæði í og við Tjarnarhól

Lýsing á skipulagsverkefni,
skv. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010
1. október 2019

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 Netfang: ima@simnet.is

1. Inngangur

Hér er um að ræða 35 ha svæði á jörðinni Snæfoksstaðir, í Grímsnes og Grafningshreppi. Jörðin er í eigu Skógræktarfélags Árnesinga. Nú hyggjast landeigendur, nýta svæðið undir ferðapjónustu og gera svæðið aðgengilegt fyrir ferðamenn.

2. Skipulagslýsing

Skipulagslýsing er ætluð til að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.


Lýsing þessi er gerð skv. 1. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr.123/ 2010 sem er eftirfarandi:

40. gr. Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

3. Forsendur:

Tjarnarhólar í Grímsnesi liggja við eina mestu ferðamannaleið landsins (gullna hringnum) og mikil eftirspurn er eftir spennandi afþreyingu, þar sem ferðamenn geta stoppað og skoðað áhugaverða staði. Gæti þetta verið liður í að dreifa þessum stöðum og jafna álagið á þá. Svæði þetta myndi tengjast ferðapjónustunni við Kerið, enda nær svæðið yfir hluta af Kerinu.



Skipulagssvæðið er sýnt með gulri línu.

4. Skipulagssvæðið og staðhættir

Svæðið sem um ræðir er um 35 ha að stærð og liggur austan Biskupstungnabrautar og í suður frá Kerinu. Svæðið tilheyrir þyrpingu gjallhóla sem heita einu nafni Tjarnhólar. Nyrst er Kerhóll (Kerid), í miðjunni er Miðhóll, og syðst er Tjarnarhóll. Mörk jarðanna Miðengi og Snæfoksstaða liggja yfir Tjarnarhólana og er hluti Kersins innan marka Snæfoksstaðajarðarinnar.

Jarðfræði Tjarnarhólana er áhugaverð, en þessir gjallgígar gusu fyrir um 5000-6000 árum og við það mynduðust Grímsneshraunin. Innan veggja gíganna er rautt gjall áberandi en einnig má finna aðrar bergtegundir og hraunslettur sem hafa runnið saman í lög og linsur. Hólarnir eru ekki sprengigígar heldur hafa þeir myndast yfir nokkurn tíma (Sigurður Steinþórsson, 2006).

Á undanförunum árum hefur verið tekið efni úr Tjarnarhólnum. Við það rask hefur landið opnast og blasa þá við margar áhugaverðar jarðmyndanir. Að öðru leyti er landið gróið, birki, lyngi og mosa og er hæsti punktur Tjarnarhóla í um 90 m h.y.s. Gott útsýni er til allra átta frá Tjarnarhólum.



Mynd. 1. Frá Tjarnahólum er gott útsýni til allra átta.

5. Fornleifar

Fyrir liggur fornleifaskráning: Forminjaskráning í Grímsneshreppi II, unna af Fornleifastofnun Íslands, útgefið, Reykjavík 2001 og nánari mælingar á staðsetningu fornminja framkvæmdar sumarið 2017. Samkvæmt fornleifaskráningunni er skráð ein fornleif á deiliskipulagssvæðinu, merkt: ÁR-438:027 beitarhús og verðir tekið tillit til hennar við skipulagsgerðina.

6. Verndarsvæði

Svæðið er á Náttúruminjaskrá:

Úr Náttúruminjaskrá:

Kerið og Tjarnarhólar Grímsnesi. (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir og vinsæll áningarstaður í þjóðbraut.

Í Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020 er Kerið og nánasta umhverfi þess er á hverfisverndarsvæði, merkt H1 og nær hluti af því inn á land Snæfoksstaða.




Mynd. 1. Í Tjarnahólum má virða fyrir sér þær sérstæðu jarðmyndanir sem þar eru.

7. Deiliskipulag

Deiliskipulagsvinnan mun m.a. felast í að bæta aðkomu að Tjarnarhólnum og útbúa þar bílastæði. Einnig er fyrirhugað að leggja göngustíga um svæðið sem tengjast munu aðliggjandi göngustígum. Koma fyrir útsýnisskífu á hentugum stað og upplýsingakortum um jarðfræði og sérkenni svæðisins. Einnig er gert ráð fyrir að byggð verði tvö þjónustuhús sem verða 200 fm og 20 fm að stærð. Gert er ráð fyrir að aðkoma að svæðinu verði frá Vaðnesvegi.

8. Áhrifamat

Svæðið er nú þegar raskað vegna efnistöku. Nú er ráðgert að laga svæðið og gera það aðgengilegt fyrir ferðamenn. Í því skyni verða lagðir göngustígar, sett upp upplýsingaskilti og útsýnisskífa, svæðið lagað og snyrt til. Ennfremur er gert ráð fyrir að byggð verði þjónustuhús. Lögð verður áhersla á að öll mannvirki verði vönduð og falli vel að umhverfi. Áhrif af framkvæmdunum eru því jákvæð, þar sem landið verður snyrt og lagað til og mun auk þess verða atvinnuskapandi fyrir svæðið.



Hluti úr Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020 m.s.br.

9. Aðalskipulag

Í gildandi Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br., er land þetta skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í drögum að endurskoðuðu Aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem afþreyingar og ferðamannasvæði (AF), þar sem um er að ræða skemmtigarð fyrir ferðamenn og þjónustu við þá. Ennfremur er í Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020 á svæðinu skilgreind efnisnáma, merkt E11. Hefur verið tekið efni úr henni sem fyrst og fremst er ætlað til eigin nota (heimabruks) í landi jarðarinnar.

10. Umsagnaraðilar

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Vegagerðin

Minjastofnun Íslands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Brunavarnir Suðurlands

11. Skipulagsferli og tímaáætlun:

1. Lýsing á fyrirhuguðu deiliskipulagi kynnt fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps
Áætlaður tími: október 2019
2. Lýsing að deiliskipulagi kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum.
Áætlaður tími: október/nóvember 2019
3. Deiliskipulagstillagan tekin til umfjöllunar og afgreiðslu í skipulagsnefndar og sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps.
Áætlaður tími: október/nóvember 2019
4. Tillagan auglýst formlega til kynningar í héraðsblaði, blaði sem gefið er út á landsvísu, í Lögbirtingablaðinu og á heimasíðu skipulagsfulltrúa og sveitarfélags. Frestur til athugasemda er í sex vikur frá birtingu auglýsingar.
Áætlaður tími: nóvember/janúar 2019
5. Að loknum kynningartíma fer sveitarstjórn yfir innkomnar athugasemdir. Ef einhverjar eru og þeim svarað. Sveitarstjórn samþykkir eða samþykkir ekki tillöguna í ljósi innsendra umsagna og athugasemda.
Áætlaður tími: janúar/febrúar 2020
6. Ef sveitarstjórn samþykkir tillöguna sendir hún hana til Skipulagsstofnunar til athugunar ásamt umsögnum og athugasemdum til endanlegrar afgreiðslu.
Áætlaður tími: janúar/febrúar 2020
7. Tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
Áætlaður tími: janúar/febrúar 2020

12. Samþykkt lýsingar

Lýsing, þessi er í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í sveitarstjórn.

Þann _____ 20